

NEYÐARHJÁLP HJÚKRUNARFRÆÐINGA Í JAPAN

Hjúkrunarfélagið í Japan tók virkan þátt í að veita þeim aðstoð sem urðu fyrir jarðskjálftanum og flóðbylgjunni í norðausturhluta Japan í mars sl.



Hjúkrunarfræðingar komu frá flestum héruðum, söfnuðust saman í Tókýó og voru svo sendir með rútum á hamfarasvæðið. Þeir voru allir sjálfboðaliðar en fengu margir laun áfram frá vinnuveitendum sínum. Höfuðstöðvar hjúkrunarfélagsins sáu um flutning á staðinn og tryggingar á leiðinni og við störf en hlutverk svæðisdeilda var að sjá sjálfboðaliðum fyrir útbúnaði. Þeir höfðu með sér hjúkrunarvörur og hreinlætisvörur, sérstaklega sóttthreinsunarefni.

Rútur voru eina leiðin til að komast á hamfarasvæðin þar sem lestarsamgöngur voru í molum eftir flóðbylgjuna. Samtals keypti japanska hjúkrunarfélagið rútuflutninga fyrir um 1,5 milljónir bandaríkjadala. Erfitt var að fá eldsneyti á rúturnar en með því að skrá þær sem björgunartæki fékkst leyfi til kaupa og aðstoð frá yfirvöldum við að hafa upp á eldsneyti.

Eins og allir vita varð jarðskjálfti og í kjölfarið flóðbylgja í norðausturhluta Japan 11. mars sl. Hjúkrunarfélagið í Japan ákvað þrem dögum seinna að taka virkan þátt í hjálparstarfinu og gat 22. mars sent fyrstu sjálfboðaliðana af stað. Samtals fóru um 915 hjúkrunarfræðingar á hamfarasvæðið og veittu þeir neyðarhjálp í borgunum Iwate, Miyagi og Fukushima.

Japanska hjúkrunarfélagið útbjó fyrir mörgum árum eigin almannavarna- og hópslysaáætlun en það gerðist eftir stóra jarðskjálftann í Kobe 1995. Félagið var því mjög vel undir það búið að senda fólk á svæðið. Í Japan eru samtals 47 héruð en 3 voru skilgreind sem hamfarasvæði. Svæðisdeildir hjúkrunarfélagsins eru í öllum héruðum.

Stórir jarðskjálftar í Japan

Eyjarnar, sem tilheyra Japan, eru á virku skjálftasvæði. Jarðskjálftinn í Kobe 1995 er talinn einn öflugasti skjálfti á tuttugustu öld en hann var 6,8 að styrkleika. Hann er oft kallaður stóri Hanshin-skjálftinn eftir Hanshin-hraðbrautinni sem eyðilagðist að hluta til í jarðskjálftanum. Um 6400 manns létust. Versti skjálftinn átti sér hins vegar stað á Kanto-svæðinu 1923 en þá létust 140.000 manns.



Hjúkrunarfræðingar skoða konu á söfnunarsvæði fyrir brottflutta.



Sjálfböðaliðar leggja af stað frá skrifstofum japanska hjúkrunarfélagins.

Hlutverk hjúkrunarfræðinganna var að veita þeim sem höfðu verið fluttir burt af hættusvæðinu aðstoð allan sólarhringnum. Þeir mátu ástand fólksins, veittu fyrstu hjálp eftir þörfum og komu fólki áfram á sjúkrahús eða heilsugæslustöð þegar svo bar undir. Einnig sinntu þeir fræðslu um sóttvarnir og gerðu það sem þeir gátu til þess að bæta hreinlætisaðstöðu, sótthreinsa og koma þannig í veg fyrir sýkingar. Hlutverk þeirra var einnig að safna upplýsingum um ástandið og koma á framfæri við yfirvöld.

Vatnsforðinn var stórt vandamál en flóðbylgjan bar með sér alls konar óhreiði sem svo urðu eftir í vatnsbólum. Óhreint vatn, til dæmis úr sundlaugum, var notað til þess að sturta niður í klósett og þess háttar. Á mörgum söfnunarsvæðum, eins og skólum og leikfimisölum, höfðu rúður brotnað og fyrir bragðið var hitinn innanhúss mikill.

Ástandið í Japan var eindæma flókið og erfitt fyrir hjálparstarfsmenn. Hús í Japan eru vel byggð og hefði jarðskjálftinn einn og sér líklega verið vel viðráðanlegur. Hann átti hins vegar upptök sín úti á sjó

og því fylgdi honum mjög öflug flóðbylgja. Ofan á það bættist kjarnorkuslys þegar vatn flæddi inn í kjarnorkuver. Japanska hjúkrunarfélagið brást við þessu meðal annars með því að búa til fræðslumyndir um geislavirkni handa sjálfböðaliðunum.

Með aðstoð Alþjóðaráðs hjúkrunarfræðinga var komið af stað alþjóðlegri söfnun sem gekk vel. Mörg hjúkrunarfélag í heiminum lögðu hönd á plóg. Söfnuninni var lokið í júní sl. en þá hafði safnast nóg til þess að borga rúturnar sem notaðar voru til þess að koma sjálfböðaliðum á vettvang.

Hjúkrunarfélagið í Japan stendur nú fyrir könnun á aðstæðum félagsmanna í þeim þremur héruðum sem urðu fyrir jarðskjálftanum. Kannað er öryggi þeirra, hvort þeir hafa vinnu og hvernig vinnuaðstæður eru.

Viðbragðsáætlun japanska hjúkrunarfélagins

Eftir jarðskjálftann í Kobe 1995 bjó hjúkrunarfélagið til viðbragðskerfi við hamförum. Yfirstjórn er í höndum höfuðstöðva félagsins í Tókýó en hver svæðis-

deildanna 47 sér um að búa til viðbragðsáætlun fyrir sitt hérað og leggja til mannafla. Um 4.800 hjúkrunarfræðingar hafa skráð sig sem sjálfböðaliðar. Þeir hafa fengið þjálfun í hamfarahjúkrun og þurfa að taka þátt í æfingu einu sinni á ári. Hlutverk þeirra er að leysa af hjúkrunarfræðinga sem vinna vanalega á svæðinu þar sem hamfarir hafa átt sig stað. Sjálfböðaliðarnir vinna yfirleitt í fjóra daga, að ferðadögum meðtöldum.

Hver svæðisdeild getur ákveðið að leysa úr minni hamförum á eigin spýtur, leita til nágrennahéraða eða leita til hjúkrunarfélagins. Á seinna stiginu taka höfuðstöðvarnar að sér viðbragðsstjórnina.

Í kjölfar jarðskjálftans hefur japanska hjúkrunarfélagið einnig opnað skrifstofu sem mun aðstoða fólk við að koma lífinu í eðlilegt horf.